



## 370. Stjórnarfundur haldinn 24. mars 2011 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Þórður M. Kjartansson (PMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og Bjarney S. Snævarsdóttir. (BS)

### 1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkominn bréf.

Bréf frá:

ÍSÍ skil á starfsskýrslum er 15. apríl. Framkvæmdastjóra falið að skila inn starfsskýrslu.

Tölvupóstur frá Jóni Axelssyni v /óska um leigu á sal 15. maí undir fermingarveislu. Framkvæmdastjóra falið málið.

Afrit af bréfi sent á Þorstein Magnússon formann knattspyrnudeildar v /skuldar við Háaumýri ehf. Formanni varaformanni og gjaldkera falið að skoða málið.

### 3. Send bréf.

Bréf til:

Stjórnar UMFÍ í tölvupósti v /tilnefningar á Sigurbirni Gunnarssyni í nefnd um starfs- og siðarreglur fyrir stjórn UMFÍ.

Stefán Bjarkason framkvæmdastóra íþrótt- og tómstundasviðs RNB v /ósk um viðbótargreiðslu vegna Hringbrautar 108.

Svarbréf til Landsbanka Íslands v /vörslu og viðskiptaumsjónar á Sparibréfum félagsins.

### 4. Hringbraut 108.

Tölvupóstur frá Guðbjörgu Jónsdóttur um ósk um breytingu á leigusamningi á Hringbraut 108. Umræður um samninginn. Ákveðið að fallast á þessa breytingu með smávægilegu fráviki. Framkvæmdastjóra falið málið.

### 5. Félagsheimili okkar að Sunnubraut.

EH lagði fram nokkur tilboð í leirtau og kaffikönnu. Ákveðið að kanna frekar með tilboð frá IKEA og Fastus.

### 6. Önnur mál.

Kostnaður v /bikarveislu körfuknattleiksdeildar mfl. kv. Samþykkt að greiða kostnaðinn.

Plaköt og bæklingar varðandi ULM 2011. Móttakið og sett upp í íþróttamannvirkjum..

Plakat frá já .is um logó á vef ja.is. Móttakið og sett upp í íþróttamannvirkjum.

Reglur um fjáraflanir/safnanir í nafni Keflavíkur. Áfram verður unnið að reglugerðinni.

Fyrsti fundur nefndar um hvernig félagsheimilið á að líta út að innan.

Leita eftir að gera alla Keflvíkings að félagsmönnum. Áfram unnið að bréfi sem sent verði á íbúa Keflavíkur.

Hugmynd um að fá frá Vinnumálastofnun aðila til að þvo búninga fyrir deildir félagsins. Framkvæmdastjóra falið að kanna málið.

Samningur við Blá Lónið (deildir félagsins). Aðalstjórn þakkar Bláa Lóninu fyrir góðan stuðning við íþóttastarfið okkar.

Hátíðarfáni félagsins. Málið kynnt á næsta stjórnarfundum.

Næsti fundur 7. apríl 2011 kl. 17:00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:50

Fundinn ritaði SG

